




# Matvælafræðingur B. Sc. (HONS)

## Fingra-tékk snertiskálar

Við bjóðum nú nýja tegund af snertiskálum í reglubundinni áskrift til þess að kanna og fylgjast reglulega með persónulegu hreinlæti starfsmanna.

Snertiskálarnar eru stærri en hefðbundnar RODAK skálar og eru fylltar með s.k. "Plate Count Agar" sem er hlaupkennt fast efni til að rækta gerla (e. bacteria) úr matvælum, vatni og úr umhverfinu.



Með þeim má kanna á eigin spýtur reglulega **almennt hreinlætisástand á fingrum** (höndum) starfsmanna sem m.a. gefur hugmynd um **gæði eða tíðni handþvottar** sem er mjög mikilvægur þáttur í persónulegt hreinlæti í matvælaíðju.

Einnig er það **markmið** með notkun skálanna að sýna starfsmönnum fram á það **séu yfirleitt gerlar á höndum** – sem verða vissulega **sýnilegir** þegar hnapparnir (e. colonies) hafa vaxið upp á yfirborði skálanna í lok ræktunartímans.

Við **notkun** þeirra þarf að losa um lokið og þrýsta fingrunum beint ofan á þann flöt sem mæla á. Síðan skal setja lokið á og geyma skálarnar upp í skáp við stofuhita í 2-3 daga.

Síðan má lesa af. Sá gerlagróður (hnappar) sem upp kemur er þá góð vísbinding um það hve mikið er af gerlum er á fingrunum, en taka skal fram að það er ekki til neinn "staðall" um það hve margir hnappar geta verið eftir svona fingra-tékk.

Þá má telja þá sem á agarum vaxa og færa inn á meðfylgjandi skráningarblað. Ekki má snerta yfirborð hlaupsins vegna mengunarhættu. Að notkun lokinni skal setja skálarnar í klóruplausn til sóttgreinsunar og henda síðan.

Við önnumst **mánaðarlega dreifingu á Fingra-tékk skálum** til þeirra viðskiptavina sem vilja fylgjast með. Verð per mánuð m.v. "eitt sett" (3 stk.) er kr. 2.315 + VSK. Reikningar eru að öllu jöfnu gerðir fyrir 3 mánuði í senn.

Við bjóðum þér endilega að hafa samband við okkur ef þú hefur fyrirspurn eða vilt gera pöntun.

Með bestu kveðju,

**Hákon Jóhannesson**  
Matvælafræðingur B. Sc. (HONS)

15.07.2007

Hamraborg 7  
200 Kópavogur


Sími: 554.52.60  
Símbref: 554.52.60  
Farsími: 898.52.61

Tölvupóstur: food-tech@mi.is  
www.foodtech.biz



# Matvælatækni

## Notkun á Fingra-tékk skálum:



1. *PLATE-COUNT AGAR* skálarnar eru samsettar af neðri skál sem fyllt er með næringarhlaupi og efra loki til hlífðar.



2. Fjarlægið teygjuna af. Leggið skálina á borð. Takið lokið varlega af.



3.1 Prýstið létt þeimur fingrum varlega ofan á agarflötinn eins og verið sé að taka "fingrafar". Einnig er pláss fyrir að setja þumalinn á skálina.

3.2 Setjið lokið á aftur og merkið með auðkenni og dagssetningu. Geyma skal skálina efir ræktunartímann í upphaflegum plastpoka.



4.1 Legðu skálina upp á skrifstofuhillu í skugga eða inn í skáp og skoðaðu yfirborð agarsins eftir tvo til þrjá daga. Til að halda utan um niðurstöður má skrá fjölda hnappa inn á meðfylgjandi skráningarblað. Ekki opna skálina vegna mengunarhættu.

4.2 Að notkun lokinni skal setja skálarnar í klórúpplausn til sótthreinsunar og henda síðan.

Athuga: Ekki opna skálina að ræktun lokinni vegna mengunarhættu. Að aflestri loknum skal leggja skálarnar í klórúpplausn til sótthreinsunar í a.m.k. (2-3 klst.) og henda síðan með almennu rusli. Sótthreinsiupplausn: 2-3 tappar af 5% bleikiklór (5% klór) í ½ L af vatni (2.000 p.p.m. af klór).



